

Árbók bílgreina 2020

Hagtölur um íslenskar bílgreinar



BÍLGREINASAMBANDIÐ



RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR

ÁRBÓK BÍLGREINA 2020

Árbók bílgreina er fyrst og fremst ætluð þeim sem starfa innan bílgreina á Íslandi. Tilgangurinn er að veita þeim yfirlit yfir umhverfi greinarinnar og tölulegar upplýsingar sem fyrirtækin geta notað í ákvarðanatöku.

Árbók bílgreina 2020 - Hagtölur um íslenskar bílgreinar
Ritstjóri og ábyrgðamaður: Árni Sverrir Hafsteinsson
Texti og talnaefni: Aron Valgeir Gunnlaugsson og Pálmar Þorsteinsson
Hönnun kápu: Þorfinnur Sigurgeirsson

© 2020 Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasambandið
Óheimilt er að afrita efni úr bókinni nema heimildar sé getið.

Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasambandið
WWW.BGS.IS

Reykjavík, júní 2020

Efnisyfirlit

1	Umfang bílgreina	1
1.1	Hlutur bílgreina í landsframleiðslu lækkar lítillega	1
1.2	Fyrirtækjum í bílaiðnaði fjölgaði um 45 milli ára	2
1.3	Gjaldþrotum fækkaði milli ára	3
1.4	Velta dregst áfram saman milli ára	3
1.5	Tekjur vegna vörugjalda dragast saman	4
1.6	Tekjur af bensíni og dísilolíu drógust saman um 464 milljónir kr.	4
1.7	Samdráttur í innflutningi viðhaldsvara, aukning í varahlutum	5
1.8	Tekjur af bifreiðagjöldum hækkuðu lítillega milli ára	6
1.9	Tekjur vegna nýskráninga drógust saman um 32%	6
1.10	Umferðaröryggisgjald nam 153 milljónum	7
1.11	Vanrækslugjöld lækka milli ára	7
2	Bílaflotinn	9
2.1	Hrun í nýskráningum bifreiða	9
2.2	Skráðum ökutækjum fjölgar enn	10
2.3	Íhaldssemi ræður ríkjum í litavali – þó 2 bleikir bílar seldir	10
2.4	Nýskráningar eftir landshlutum	11
2.5	Meðalaldur bílaflotans hækkar milli ára, eða hvað?	12
2.6	Fækkun umferðaslysa árið 2019	13
3	Ökutæki og umhverfi	14
3.1	Jarðefnaeldsneyti hækkaði á síðasta ári	14
3.2	Notkun rafmagns jókst um 56%	15
3.3	Hlutdeild bíla í losun koltvíoxíðs eykst milli ára	16
3.4	Úblástursgildi nýskráðra bifreiða stendur í stað	16
3.5	Tengiltvinnbílar enn vinsælasti kostur umhverfisvænni bifreiða	17
3.6	Rafhleðslustöðvum fjölgar	18
3.7	Aukning á umferðabunga	18
4	Starfsumhverfi bílgreina	19
4.1	Heildarlaun starfsstétta í bílgreinum	19
4.2	Níu hundruð færri starfandi í bílgreinum 2019	21
4.3	Nemendur sækja í bílgreinar	21
4.4	Fjöldi útskrifaðra sveina rétt yfir meðaltali	22
5	Aðildarfyrirtæki BGS	23

Myndaskrá

1.1	Hlutur bílgreina í landsframleiðslu.	1
1.2	Fjöldi fyrirtækja í bílgreinum.	2
1.3	Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja í bílgreininni.	3
1.4	Heildarvelta fyrirtækja í bílgreinum á verðlagi hvers árs.	3
1.5	Vörugjöld af innflutningi bifreiða.	4
1.6	Vörugjöld af bensíni og olúgjald.	4
1.7	Innflutningur á smurolíu, hjólbörðum og bílavarahlutum.	5
1.8	Innheimt bifreiða- og úrvinnslugjöld eftir árum.	6
1.9	Innheimt skráningargjöld eftir árum.	6
1.10	Innheimt umferðaröryggisgjald eftir árum.	7
1.11	Álagningar vanrækslugjalda.	7
1.12	Innheimt vanrækslugjald eftir árum.	8
2.1	Nýskráningar nýrra bifreiða.	9
2.2	Fjöldi skráðra ökutækja.	10
2.3	Litasamsetning nýskráðra fólksbifreiða.	10
2.4	Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á hverja 1.000 íbúa eftir landshlutum.	11
2.5	Aldursdreifing og meðalaldur bílaflotans.	12
2.6	Fjöldi umferðarslysa og óhappa á ári.	13
3.1	Þróun eldsneytisverðs frá árinu 2002.	14
3.2	Eldsneytisnotkun bílaflotans.	15
3.3	Losun gróðurhúsalofttegunda (CO_2) eftir uppruna árið 2018.	16
3.4	CO_2 losun nýskráðra bifreiða á kílómetra.	16
3.5	Nýskráningar bíla sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum.	17
3.6	Fjöldi hraðhleðslustöðva á landinu.	18
3.7	Vísitala umferðarpunga.	18
4.1	Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni árið 2018.	19
4.2	Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum í launakönnun VR ásamt 25% og 75% mörkum.	20
4.3	Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum að raunvirði samkvæmt launakönnun VR.	20
4.4	Áætlaður fjöldi starfandi í bílgreinum.	21
4.5	Fjöldi nemenda í bílgreinum eftir árum.	21
4.6	Fjöldi lokinna sveinsprófa í bílgreinum.	22

Ávarp formanns

Kæru félagsmenn,

Bílgreinasambandið eru samtök fyrirtækja í bílgreinum á Íslandi. Fyrirtækin sem eiga aðild að samtökunum eru rúmlega 110 talsins og starfsmenn þeirra nokkur þúsund. Á vegum Bílgreinasambandsins eru verkefni unnin sem stuðla að bættum gæðum félagsmanna og um leið þjónustu viðskiptavina. Bílgreinasambandinu er umhugað um menntun og eiga samtökin náið samstarf við skóla landsins um umgjörð bílgreinanáms. Það er ánægjulegt að undanfarin ár hefur nemendum fjölgað og er útskrift sveina síðastliðin ár yfir meðaltali. Alls eru um 300 nemendur í bíliðnum í dag. Meðal verkefna síðastliðið starfsár vil ég nefna nokkur mál sem standa upp úr.

Bílgreinin er nú hluti af átaksverkefninu **ALLIR VINNA** – Verkefnið stendur yfir til loka ársins og tryggir endurgreiðslu af virðisaukaskatti af vinnu sem fer yfir 25.000 krónur. Það var mikilvægt fyrir bílgreinina og afar mikilvægt á þessu ári þegar Íslendingar ætla að ferðast innanlands, þegar samdráttur er í efnahagslífinu og við þurfum á viðskiptum og tekjum að halda og tryggja störf á verkstæðum innan bílgreinarinnar.

Gæðavottun BGS – Bílavakinn. Mikið og gott starf hefur verið unnið í að próa nýtt gæðakerfi BGS sem heitir Bílavakinn. Verkefnið hefur verið leitt af stjórn og skrifstofu BGS.

Framlenging ívilunar vörugjalda fyrir tengiltvinn- og rafbíla. Bílgreinasambandið vann ötullega að framlengingu slíkra ívilnana sem náðist og var fyrirkomulagið framlengt til þriggja ára. Áfram þarf að standa vörð um slíka hagsmuni.

Stuðningur við kynningu á námi í bílgreinum sem hefur leitt til þess að undanfarin ár hefur verið góð aðsókn að námi í bílgreinum, hvort sem um er að ræða bílamálun, bílaviðgerðir eða bílasmíði. BGS hefur lagt sín lóð á vogarskálarnar við að kynna námið fyrir tilvonandi nemendum og foreldrum með frábærum árangri.

Endurskipulagning á skrifstofu BGS. Á skrifstofu BGS vinna nú tveir öflugir sérfræðingar, bæði með mikla reynslu úr bílgreinum, þau María og Óðinn. Þau hafa staðið sig frábærlega í að vera málsvari bílgreinarinnar, komið mikilvægum málum í farveg og byggt upp öflug tengsl við hið opinbera, skóla, ráðuneyti, og ýmsar stofnanir í okkar grein, svo sem Samgöngustofu, FÍB, tryggingafélögin og fleiri. Öflug skrifstofa er auðvitað lykillinn að árangri í okkar félagsskap og við erum í dag afar vel sett með Maríu og Óðinni í okkar liði.

Bílgreinar eru meðal lykilgreina þjóðfélagsins. Mikil framþróun á sér stað varðandi orkugjafa, umferðaröryggi og samskipti bíla við vegi og hvern annan er framtíðin. Bílgreinasambandið er afar mikilvægur hagsmunaðili í þessari þróun. Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka félagsmönnum fyrir þátttöku í þessu öfluga starfi og hvet félagsmenn til að taka þátt og leggja sitt af mörkum til að gera samtökin enn öflugri.

Jón Trausti Ólafsson

Formaður Bílgreinasambandsins




1 Umfang bílgreina

1.1 Hlutur bílgreina í landsframleiðslu lækkar lítillega

Hlutur bílgreina¹ í landsframleiðslu lækkaði lítillega milli árunna 2018 og 2019, líkt og í fyrra. Sama hlutfall var 1,6% árin 2016 og 2017. Er hlutdeildin í ár sambærileg því sem hún var árið 2015.

Á síðasta ári voru blíkur á lofti um að hagkerfið gæti farið kólnandi á komandi misserum. Þetta raungerðist meðal annars með falli WOW-Air í fyrra vor. Ferðamönnum fækkaði nokkuð í kjölfarið en þó minna en margir höfðu þorað að vona. Eftirspurn eftir nýjum bílum minnkaði árið 2019 meðal annars vegna áður nefndrar fækkunar ferðamanna en bílasala er eftir sem áður stærsti liður bílgreina í framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga. Búast má við fækkun í sölu nýrra bíla til bílaleiga í kjölfar COVID-19 veirunnar sem hefur leikið heimsbyggðina grátt fyrra hluta ársins 2020 og er sú fækkun þegar farin að raungerast.

¹ Bílgreinar eru þær atvinnugreinar sem falla undir flokk 45 í atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, ÍSAT2008. Til þeirra teljast meðal annars sala nýrra og notaðra bifreiða og vélhjóla ásamt viðhaldi, viðgerðum og sölu vara- og aukahluta.




Mynd 1.1: Hlutur bílgreina í landsframleiðslu. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.2 Fyrirtækjum í bílaiðnaði fjölgaði um 45 milli ára

Fyrirtækjum í bílgreinum fjölgaði á milli árunna 2018 og 2019. Aukningin á milli ára var hlutfallslega 4,5% á árinu og voru fyrirtækin 45 fleiri en um áramótin 2018-2019. Mesta fjölgun á skráðum fyrirtækjum var í flokki þeirra sem sinna viðhaldi og viðgerðum bifreiða en það voru alls 666 fyrirtæki starfandi í þeim flokki árið 2019 samanborið við 634 árið áður. Þá fjölgaði bílasölum um 7,2% milli ára þegar 253 fyrirtæki voru skráð í þann flokk árið 2019 og var það hæsta hlutfallsbreytingin í undirflokkum bílgreina á árinu.


Af starfandi fyrirtækjum í viðhaldi og viðgerðum voru 433 fyrirtæki skráð sem almenn bílaverkstæði samanborið við 415 árið 2018. Þá voru 113 fyrirtæki í flokki bílaréttinga og -sprautunar starfrækt 2019 og hafði þeim fjölgað um eitt frá fyrra ári. Í sölu vara- og aukahluta fækkaði um fjögur fyrirtæki milli ára og voru þau alls 107 undir lok árs 2019.



Mynd 1.2: Fjöldi fyrirtækja í bílgreinum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

1.3 Gjaldþrotum fækkaði milli ára


Árið 2019 var 29 fyrirtækjum í bílgreinum lýst gjaldþrota, þremur færri en árið 2018. Hlutfallslega fækkaði gjaldþrotum um 9,4% á milli ára. Þegar litið er til niðurbrots eftir greinum vekur athygli að flest gjaldþrot voru í flokki fyrirtækja sem sinna viðgerðum og viðhaldi eða alls 19 fyrirtæki. Þrátt fyrir það var einnig mest fjölgun starfandi fyrirtækja í þeim geira. Sex bílasölur urðu gjaldþrota á síðasta ári og fjögur fyrirtæki í flokkum sem snúa að sölu á varahlutum og aukabúnaði og sölu, viðhaldi og viðgerða vélhjóla. Líkt og kom fram í kaflanum á undan voru flest ný fyrirtæki í flokki viðgerða og viðhalds bifreiða en miðað við fjölda gjaldþrota voru 64 fyrirtæki skráð ný með starfsemi á síðasta ári.



Mynd 1.3: Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja í bílgreininni. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.4 Velta dregst áfram saman milli ára


Velta fyrirtækja í bílgreinum dróst saman um 9,7% á milli ára en fram að árinu 2018 hafði verið samfelld veltuaukning frá árinu 2010. Heildarvelta ársins 2019 nam alls 146,4 milljörðum króna og lækkaði um 15,8 milljarða króna frá fyrra ári. Minni veltu má helst rekja til áður nefndrar fækkunar ferðamanna sem og minnkandi hagvaxtar. Þá getur markaður með notaða bíla hafa dregið veltuna niður en bílaleigur höfðu ekki eins mikla þörf fyrir endurnýjun bílafloata síns og undanfarin ár.



Mynd 1.4: Heildarvelta fyrirtækja í bílgreinum á verðlagi hvers árs. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.5 Tekjur vegna vörugjalda dragast saman


Vörugjöld vegna innflutnings á nýjum bifreiðum námu 6,3 milljörðum kr. á síðasta ári og drógust saman um 34% á milli ára. Vörugjöld vegna ársins 2018 námu til samanburðar 9,5 milljörðum kr. Stærstan hluta lækkunar milli ára má rekja til minni bílainnflutnings árið 2019 samanborið við árið 2018. Þrátt fyrir þessa lækkun hækkuðu vörugjöld á hverja bifreið um 0,45% milli ára. Veikara gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum er þar líklega stærsti sökudólgurinn enda var innkaupaverð í krónum hærra í fyrra samanborið við 2018. Má þó benda á að líklega hefðu vörugjöld á hvert ökutæki hækkað enn meira vegna gengisáhrifa ef ekki væri fyrir stöðuga þróun í átt til vistvænni og eyðslugrennri bíla sem bera lægri vörugjöld vegna ívilnana stjórnvalda.



Mynd 1.5: Vörugjöld af innflutningi bifreiða.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

1.6 Tekjur af bensíni og dísilolíu drógust saman um 464 milljónir kr.

Tekjur ríkissjóðs af innheimtu vörugjalda af bensíni og olíu drógust saman um 1,9% milli ára eða 464 milljónir króna. Skattar vegna olíugjalds stóðu nánast í stað milli ára á meðan vörugjöld af bensíni dróst saman um 3,8% samanborið við fyrra ár. Alls námu tekjur vegna vörugjaldanna 23,5 milljörðum kr. Þar af voru vörugjöld bensíns tæpir 11,7 milljarðar og olíugjald tæpir 11,8 milljarðar kr.




Mynd 1.6: Vörugjöld af bensíni og olíugjald.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

1.7

Samdráttur í innflutningi viðhaldsvara, aukning í varahlutum


Innflutningur á varahlutum og viðhaldsvörum í heild dróst saman á milli ára og nam alls tæpum 12,1 milljörðum kr. árið 2019. Samdrátturinn á milli ára í prósentum var 1,7% og nam tæpum 203 milljónum króna. Sé einungis horft til innflutnings á bílavarahlutum þá jókst veltan á milli ára og nam aukningin 391 milljón kr. eða 6%. Innflutningsverðmæti hjólbarða og smurolíu lækkaði hins vegar meira en aukningin í innflutningi bílavarahlutanna. Alls voru fluttir inn hjólbarðar fyrir 3,7 milljarða, 532 milljónum króna lægri fjárhæð en á síðasta ári. Innflutningsverðmæti á smurolíu lækkaði þá um 5% milli ára og nam 1,3 milljarði kr. Verðmæti innfluttra bílavarahluta nam 7,1 milljarði á árinu sem leið.



Mynd 1.7: Innflutningur á smurolíu, hjólbarðum og bílavarahlutum. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.8 Tekjur af bifreiðagjöldum hækkuðu lítillega milli ára


Tekjur vegna bifreiða- og úrvinnslugjalda skiluðu tæplega 7,7 milljörðum kr. í ríkissjóð árið 2019. Milli ára jukust tekjurnar um 0,7%. Tekjur ríkissjóðs vegna bifreiðagjalda hafa verið í stöðugum vexti en hlutfallsbreytingar milli ára hafa lækkað verulega. Til að mynda var hlutfallsleg aukning 1,7% árið 2018. Ákveðið var að hækka úrvinnslugjaldið árið 2020 og fer gjaldið úr 700 kr. pr. bíl og upp í 1.800 kr. pr. bíl. Einingaverð gjaldsins hækkar því um 157% milli ára.



Mynd 1.8: Innheimt bifreiða- og úrvinnslugjöld eftir árum. Heimild: Fjársýslan.

1.9 Tekjur vegna nýskráninga drógust saman um 32%


Skráningargjöld vegna nýskráninga bifreiða sem og eigendaskipta námu 344,4 m.kr. árið 2019 sem er 11% lægri fjárhæð en árið 2018. Tekjur ríkisins vegna eigendaskipta eingöngu drógust lítillega saman árið 2019 um 1,1% eða 2,6 milljónir á milli ára og námu á árinu 249 m.kr. Aðra sögu er að segja af tekjum ríkisins vegna nýskráninga sem lækkuðu um alls 32% milli ára eða um 44 milljónir. Tekjur ríkisins vegna nýskráninga námu um 95 milljónum króna á síðasta ári og hafa ekki verið lægri, á breytilegu verðlagi, síðan árið 2014.



Mynd 1.9: Innheimt skráningargjöld eftir árum. Heimild: Samgöngustofa.

1.10 Umferðaröryggisgjald nam 153 milljónum


Í hvert sinn sem farið er með bifreið í ástandsskoðun, bifreið er nýskráð eða eigendaskipti eiga sér stað þarf að greiða umferðaröryggisgjald. Alls voru 153 milljónir kr. sem runnu í þann tekjustofn á síðasta ári. Fækkun í nýskráningum milli ára hefur mest áhrif til lækkunar en á móti vegur líklega að fleiri færðu bíl sinn til ástandsskoðunar á réttum tíma.



Mynd 1.10: Innheimt umferðaröryggisgjald eftir árum. Heimild: Samgöngustofa.


1.11 Vanrækslugjöld lækka milli ára

Vanrækslugjöld, sem lögð eru á bíleigendur sem trassa það að fara með bifreiðar sínar í ástandsskoðun drógust saman milli árunna 2018 og 2019. Alls námu tekjur vegna vanrækslugjalda 402 m. kr. og lækkuðu að hlutfalli um 5% samanborið við árið á undan. Í krónum talið nam lækkunin 21 m. kr. Tvennt getur að jafnaði skýrt lægri vanrækslugjöld: Annars vegar það að fleiri greiði sektina innan mánaðar frá álagningu, en þá er gefinn afsláttur af sektinni, eða hitt, að fleiri láti ástandsskoða bíla sína á réttum tíma. Hið síðarnefnda er auðvitað ódýrasta ráðið.



Mynd 1.11: Álagningar vanrækslugjalda. Heimild: Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.

Það bar svo við að árið 2019 þurftu færri að greiða vanrækslugjald en árið áður en vanrækslugjöld voru greidd af 31.581 bifreiðum. Fækkunin á milli ára nam 5.965 bílum en hlutfallsleg fækkun var 15,5%.



Mynd 1.12: Innheimt vanrækslugjald eftir árum. Heimild: Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.

2

Bílaflotinn


2.1

Hrun í nýskráningum bifreiða

Mikil fækkun hefur orðið í nýskráningum bifreiða síðastliðin tvö ár en hafa þeir í huga að samdráttarskeiðið kemur í kjölfar tveggja metára í röð. Nýskráðar nýjar fólksbifreiðar árið 2019 voru alls 11.705 talsins sem var fækkun upp á 6.262 bíla. Hlutfallsleg fækkun milli ára var því 35%. Til viðbótar við það voru 1.935 nýskráðir notaðir fólksbílur á árinu sem leið og heildar nýskráningar því 13.640. Nýskráðum atvinnubifreiðum (sendi-, vöru-, og hópbifreiðum) fækkaði um 28% milli ára og voru alls 1.774 slíkar bifreiðar skráðar 2019. Leita þarf aftur til ársins 2014 til að finna færri nýskráningar á einu ári. Fjölgun erlendra ferðamanna undanfarin ár hefur krafist sífellt fleiri bílaleigubíla. Þegar ferðamönnum hætti að fjölga minnkaði þörfin fyrir stækkun flotans. Í stækkunarfasa er hlutfallslega stór hluti bílaleigubíla nýr þar sem síðasta ár hefur þá að jafnaði alltaf verið stærra en árin á undan.

- Nýskráðar sendibifreiðar voru 1.392 nýjar og 420 notaðar
- Nýskráðar hópbifreiðar voru 82 nýjar og 37 notaðar
- Nýskráðar vörubifreiðar voru 300 nýjar og 180 notaðar
- Nýskráðir fólksbílur 11.705 nýjir og 1.935 notaðir


Bílaleigubílar á skrá í desember 2019 voru 23.680, þarf af voru 21.161 skráðir í umferð en 2.519 úr umferð. Árið á undan voru alls 25.078 bílaleigubílar á skrá, fækkaði skráðum bílaleigubílum því um 5,6% milli ára. Þá voru umsóknir um nýskráningar bílaleigubíla 5.554 á árinu sem leið, borið saman við 8.110 beiðnir 2018.



Mynd 2.1: Nýskráningar nýrra bifreiða.
Heimild: Samgöngustofa.

2.2 Skráðum ökutækjum fjölgar enn


Skráðum ökutækjum fjölgar enn á milli ára, líkt og hefur verið allar götur síðan árið 2011. Heildarfjöldi skráðra ökutækja nam alls 385.448 og hefur fjölgað um 86.750 síðan árið 2011. Á sama tíma fjölgaði fólki með búsetu á Íslandi um 45.682. Ökutækjum hefur því fjölgað næstum tvöfalt meira en einstaklingum með fasta búsetu hérlendis. Fólksbílar á skrá við lok árs 2019 voru alls 269.825 stk. Þar af voru 223.999 skráðir í umferð.



Mynd 2.2: Fjöldi skráðra ökutækja. Heimild: Samgöngustofa.

2.3 Íhaldssemi ræður ríkjum í litavali – þó 2 bleikir bílar seldir

Líkt og tíðrætt hefur verið í fyrri Árbókum eru íslenskir bifreiðakaupendur ekki mikið fyrir að hrista upp í hlutunum þegar kemur að litavali. Drottna grár og hvítir bílar enn yfir öðrum litum þegar kemur að nýjum bílakaupum. Svo skemmtilega vildi þó til að tveir nýir bleikir bílar seldust árið 2019 eftir 5 ára eyðimerkurgöngu án slíkra bíla. Í fyrra voru til samanburðar nýskráðir 4.626 grár bílar, 39% allra nýskráðra fólksbíla, og 3.020 hvítir bílar, 26% allra nýrra bíla. Þriðji vinsælasti liturinn var rauður eða 10% nýrra bíla, alls 1.225 stk. Svartir og bláir bílar fylgja í kjölfarið og munar eingöngu þremur bílum þar á, svartir voru 927 á meðan bláir voru 930 talsins.




Mynd 2.3: Litasamsetning nýskráðra fólksbifreiða. Heimild: Samgöngustofa.

2.4

Nýskráningar eftir landshlutum

Nýskráðir bílar voru langflestir á Höfuðborgarsvæðinu eða alls 10.747 bílar árið 2019, samdráttur í nýskráningum milli ára á Höfuðborgarsvæðinu nam 27%. Næsti landshluti á eftir var Norðurland eystra en þar voru skráðir 1.973 nýir bílar á árinu sem leið. Á Suðurnesjum voru nýskráðar bifreiðar 716 og dróst nýskráning þar saman um 35%. Hlutfallslega mest aukning í nýskráningu var á Norðurlandi eystra en þar var ríflega tvöföldun á nýskráningum, 127% milli ára.

Með því að líta til höfðatölu var mestur fjöldi nýrra bíla á hverja 1.000 íbúa skráður á Norðurlandi eystra þar sem 64 nýir bílar voru skráðir á hverja 1.000 íbúa. Suðurnesin fylgdu rétt á eftir þar sem 61 bíll var skráður á hverja 1.000 íbúa. Minnst var nýskráning 20 á hverja þúsund íbúa á Vestfjörðum. Norðurland eystra var með 21 bíl á hverja þúsund íbúa.




Mynd 2.4: Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á hverja 1.000 íbúa eftir landshlutum. Heimild: Hagstofa Íslands og Samgöngustofa. Útreikningar: Rannsóknasetur verslunarinnar.

2.5 Meðalaldur bílaflotans hækkar milli ára, eða hvað?

Meðalaldur fólksbíla hækkaði lítillega á milli ára og fór úr 12,4 árum í 12,7 ár. Sé lítið einungis á þá fólksbíla sem skráðir eru í notkun er meðalaldurinn um 9,86 samanborið við 9,91 í fyrra og lækkaði meðalaldurinn því á milli ára.

Fólksbílur í hópi 0 - 5 ára eru fjölmennasti hópur bifreiða á listanum en samkvæmt gögnum Samgöngustofu voru 92.291 bílar skráðir í því aldursbili. Fjölgaði í hópnum frá fyrra ári um 2.391 bifreið. Þá var einnig mikil fjölgun á bifreiðum í elsta aldursflokknum milli ára en alls eru 44.907 bílar skráðir í þann flokk. Þó skal það tekið fram að einungis 15.952 bílar eru skráðir í umferð í þeim flokki enda mikið af fornbílum sem ekki eru ganghæfir.




Mynd 2.5: Aldursdreifing og meðalaldur bílaflotans. Heimild: Samgöngustofa.

2.6

Fækkun umferðaslysa árið 2019

Færri slysg og óhöpp voru skráð árið 2019 samanborið við fyrra ár eða alls 6.619 slysg og óhöpp miðað við skráningu Samgöngustofu. Alls fækkaði slysgum og óhöppum um 563 frá fyrra ári en árið 2018 voru þau alls 7.182 talsins. Hlutfallsleg fækkun milli ára var 7,8%, samanborið við árið 2018.

Á árinu sem leið voru sex banaslysg í umferðinni og en í þeim slysgum voru sex einstaklingur sem létu lífið með þeim skelfilega hætti. Til samanburðar létust 18 manns í 15 banaslysgum árið 2018 og því var töluverð fækkun milli ára.



Mynd 2.6: Fjöldi umferðarslysga og óhappa á ári. Heimild: Samgöngustofa.



3 Ökutæki og umhverfi

3.1 Jarðefnaeldsneyti hækkaði á síðasta ári


Eldsneytisverð hefur farið stöðugt hækkanði milli ára frá árinu 2016. Eftir mikla hlutfallslega hækkun á milli árunna 2017 og 2018 dró úr verðhækkunum og breyttist verðið lítið í fyrra. Það sem af er þessu ári hefur heimsmarkaðsverð á olíu þó farið mikið lækkandi. Bensínverð hækkaði í fyrra um 0,1% frá ársbyrjun 2018 til ársbyrjunar 2019. Á sama tíma hækkaði verð á dísilolíu um 2,9% í sjálfsafgreiðslu. Heimsmarkaðsverð á hráolíu, umreiknað yfir í krónur, hækkaði þá um 2,6% á tímabilinu. Hækkun verðs á bensíni var því töluvert minni en innkaupsverð á tímabilinu.



Mynd 3.1: Þróun eldsneytisverðs frá árinu 2002. Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og Thomson Reuters. Útreikningar: Rannsóknasetur Verslunarinnar.

3.2 Notkun rafmagns jókst um 56%

Endurnýjanlegir orkugjafar verða sífellt aðgengilegri valkostur fyrir neytendur þegar kemur að vali á bílum. Útlit er fyrir að orkuskiptin munu verða að veruleika á næstu árum og áratugum en það tekur þó tíma að umbylta orkunotkun. Jarðefnaeldsneyti er þrátt fyrir það enn í miklum meirihluta. Samdráttur var í bruna á jarðefnaeldsneyti bílaflotans milli ára. Heildar jarðefnaeldsneytisnotkun nam 322.250 tonnum, þar af 118.744 tonn af bensíni og 180.858 tonn af dísilolíu. Notkun bensíns dróst saman um 8.360 tonn á milli ára eða 6,6% á meðan notkun á dísilolíu jókst um tæp tvö tonn. Samdráttur var í notkun á vetni og lífdísil á meðan notkun etanóls og metans jókst smávægilega. Notkun bílaflotans á raforku nam 22,6 Gwh og jókst um 56,1% frá 2018 og 150% ef notkunin 2019 er borin saman við notkunina 2017. Wattstundir eru í raun heppilegri mælikvarði en tonn til samanburðar á orkunotkun enda orkuþéttni orkugjafa ólík. Sérstaklega á þetta við um rafmagn, sem einkar örðugt er að mæla í tonnum. Sé rafmagn reiknað upp sem magn bensíns út frá því hve langt það skilar svipuðu ökutæki má ætla að notkun þess hafi jafngilt um 6.300 tonnum bensíns árið 2019 samanborið við 4.000 tonn árið 2018. Miðað við sömu útreikninga nam notkun endurnýjanlegra orkugjafa 9,6% árið 2019 samanborið við 8,7% árið á undan.




Mynd 3.2: Eldsneytisnotkun bílaflotans.
Heimild: Orkustofnun.

3.3 Hlutdeild bíla í losun koltvíoxíðs eykst milli ára

Samkvæmt gögnum Umhverfisstofnunarinnar var hlutur bíla í losun koltvíoxíðs 24,4% af heildarlosun ársins 2018. Alls losuðu bifreiðar um 969 tonn af koltvíoxíði og jókst útblásturinn um tæp 3% á milli áráanna 2017 og 2018. Iðnaður og orkuvinnsla er sá liður sem losar lang mest af koltvíoxíði út í andrúmsloftið og bar sá flokkur ábyrgð á losun 1.773 tonna eða alls 45,8% af heildarútbæstri. Útblástur af rekstri fiskiskipa átti 546 tonn af útblæstri ársins 2018, alls 14% af heildarlosun.


Hafa skal í huga að þegar kemur að útblæstri er ekki tekið mið af flugsamgöngum, rekstri gámaskipa né heldur framræstu votlendi.



Mynd 3.3: Losun gróðurhúsalofttegunda (CO₂) eftir uppruna árið 2018. Heimild: Orkustofnun.

3.4 Útblástursgildi nýskráðra bifreiða stendur í stað

Útblástursgildi nýskráðra bifreiða árið 2019, stóð nánast í stað samanborið við fyrra ár. Alls losuðu nýjar bifreiðar um 129,2 gr. koltvíoxíðs á hvern ekinn kílómetra, 0,2% minna en árið 2018. Undanfarin ár hefur ríkari áhersla verið á að velja umhverfisvænni kosti. Á milli áráanna 2018 og 2019 lækkaði þó hlutfall þeirra bifreiða sem ganga einungis fyrir öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti. Árið 2018 var hlutfall bíla sem einungis ganga fyrir öðrum eldsneytisgjöfum, 14% samanborið við 9,3% árið 2019. Vafalítið hefðu meðaltöl útblástursgilda lækkað meira ef áður nefnt hlutfall bíla sem ganga einungis fyrir öðrum orkugjöfum hefði staðið í stað á milli ára.




Mynd 3.4: CO₂ losun nýskráðra bifreiða á kílómetra. Heimild: Orkusetur.

3.5

Tengiltvinnbílar enn vinsælasti kostur umhverfissvænni bifreiða

Tengiltvinnbílar halda áfram að vera vinsæll kostur nýrra bifreiðakaupenda, hafa frá árinu 2009 selst alls 7.781 slíkir bílar hér á landi. Rafmagnsbílar hafa þá einnig verið að sækja í sig veðrið síðastliðin þrjú ár, jókst sala á slíkum bílum hlutfallslega mest af ökutækjum með annan afgangi en jarðefnaeldsneyti. Alls voru 40% fleiri rafbílar seldir hér á landi en árið áður. Árið 2018 voru seldir 784 rafbílar, en voru þeir 1096 á síðasta ári. Nýskráðir tengiltvinnbílar voru 1.956 milli á síðasta ári, dróst nýskráning saman um 32% milli ára. Árið 2018 seldust til samanburðar 2.868 tengiltvinnbílar.

Metanbílar hafa selst í afar litlu magni síðastliðin ár og dróst skráning þeirra saman um 63% á milli ára. Einungis voru seldir 53 nýir metanbílar á síðasta ári og eru um 1.530 skráðir metanbílar hér á landi.




Mynd 3.5: Nýskráningar bíla sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum. Heimild: Orkusetur.

3.6 Rafhleðslustöðvum fjölgar

Áframhaldandi uppbygging á innviðum til þess að mæta aukinni þörf rafhleðslu heldur áfram. Nú er svo komið að á hringveginum má finna fjölda stöðva frá ýmsum aðilum. Orka Náttúrunnar og Ísorka eru með flestar stöðvar hringinn í kringum landið. Í þann hóp hafa bæst bændur sem taka þátt í átakinu Hleðsla í hlaði sem og fjölmörg fyrirtæki og stofnanir sem farin að bjóða upp á hleðslustöðvar fyrir starfsmenn og viðskiptavini.


Í lok árs 2018 voru samtals 100 hraðhleðslustöðvar komnar í gagnið, undir merkjum Orku Náttúrunnar og Hleðslu í hlaði. Aukning á nýjum hleðslustöðvum áður nefndra aðila var 40% á milli ára og voru 140 hleðslustöðvar í rekstri við lok árs 2019. Samkvæmt vefsíðunni PlugShare, má finna allt að 186 rafhleðslustöðvar á Íslandi sem opnar eru almenningi. Ekki er þó fullvíst með afköst og hraða þeirra stöðva sem þar eru tíundaðar. Þá geta slíkar stöðvar verið háðar opnunartíma eða kaupum annarra afurða þeirra fyrirtækja sem halda úti þjónustunni. Hvað sem því líður hafa innviðir fyrir þá sem vilja aka um landið á rafbílum stórbatnað undanfarin misseri.



Mynd 3.6: Fjöldi hraðhleðslustöðva á landinu. Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar.

3.7 Aukning á umferðapunga

Fjöldi ferðamanna sem hefur heimsótt Ísland síðastliðin ár, átti stóran þátt í mikilli aukningu umferðar hér á landi. Frá árinu 2005 til 2019 jókst umferð um alls 60,4% um hringveginn samkvæmt vísitölu umferðar á 16 lykilteljurum Vegagerðarinnar. Árið 2019 var umferð rúmlega helmingi meiri en árin 2012 og 2013. Á árinu 2019 jókst umferð um 2,4% milli ára, þrátt fyrir fækkun erlendra ferðamanna.




Mynd 3.7: Vísitala umferðapunga. Heimild: Vegagerðin.




4 Starfsumhverfi bílgreina

4.1 Heildarlaun starfsstétta í bílgreinum

Erfitt reynist að fanga hagtölur um laun þess hóps sem starfar við bílgreinar. Þeir sem starfa innan geirans sinna ýmsum störfum svo sem störf á verkstæðum, við sölumennsku, skrifstofustörf, stjórnun og rekstur. Árið 2019 voru miðgildi reglulegra heildarlauna iðnaðarmanna 674 þús. kr. á mánuði, samanborið við 645 þús. kr. á mánuði 2018. Alls nam hækkun launanna 4,5% á milli ára. Ekki eru til nýrri gögn en 2018 varðandi laun eftir starfsstéttum hjá Hagstofunni, það má þó nota launavísitölu iðnaðarmanna til að meta þróun launa frá 2018 til 2019. Í lok árs 2019, hafði launavísitala iðnaðarmanna hækkað um 5%, sem þýðir að laun iðnaðarmanna hafi verið 708 þús. kr. í árslok.




Mynd 4.1: Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni árið 2018. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 4.2: Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum í launakönnun VR ásamt 25% og 75% mörkum. Heimild: Launakönnun VR.


Heildarlaun starfsmanna við sölu og viðgerðir bifreiða voru að meðaltali 704 þús. kr. á mánuði samkvæmt launarannsókn VR í febrúar 2019. Samkvæmt rannsókninni hafði helmingur starfsfólks tekjur á bilinu 555 til 792 þús. kr. á mánuði árið 2019 (fyrstu og þriðju fjórðungsmörk). Miðað við það hafði fjórðungur starfsmanna lægri tekjur en 555 þús. kr. á mánuði og fjórðungur hafði hærri laun en 792 þús. kr. á mánuði.



Mynd 4.3: Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum að raunvirði samkvæmt launakönnun VR. Heimild: Launakönnun VR.

4.2 Níu hundruð færri starfandi í bílgreinum 2019


Samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, fækkaði störfum í bílgreinum um rúmlega 900 milli árunum 2018 og 2019. Undir lok árs voru 3.217 einstaklingar við störf í greininni, 22% færri en árinu á undan. Starfandi í bílgreininni voru miðað við sömu tölur 1,6% alls vinnuafns í landinu, en sama hlutfall var 2% árið á undan. Samhliða fækkun starfandi fækkaði meðalfjölda vinnustunda milli ára um 2,3 klst. á viku, unnu einstaklingar í bílgreinum að meðaltali 40,7 klst. á viku. Heildarvinnustundir á viku, samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókninni reyndust þá vera 124.634 en voru 165.463 árið 2018. Fækkaði vinnustundum í heild því um 25% á milli ára.



Mynd 4.4: Áætlaður fjöldi starfandi í bílgreinum. Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

4.3 Nemendur sækja í bílgreinar

Fjölgun var á nemendum í bílgreinum annað árið í röð, alls voru 296 einstaklingar í námi í bílgreinum árið 2018, þarf af voru 254 karlar og 42 konur. Flestir voru nemendur í bifvélavirkjun, 134 einstaklingar. Í þeim hópi fjölgaði um 8 nemendur milli ára. Næst fjölmennasti hópurinn voru nemendur í grunnnámi bíliðna eða 95 talsins. Nemendum þar fækkaði um 11 einstaklinga milli ára. Í bifreiðasmíði voru 34 nemendur skráðir í nám og fjölgaði þeim um 11. Þá voru 33 nemendur í bílamálun, jafnmargir og voru á árinu 2017.




Mynd 4.5: Fjöldi nemenda í bílgreinum eftir árum. Heimild: Hagstofa Íslands.

4.4

Fjöldi útskrifaðra sveina rétt yfir meðaltali

Alls voru 50 einstaklingar sem útskrifuðust með sveinsbréf í bíliðngreinum árið 2019, fjórum færri en árið á undan. Fjölmennasti hópur nýsveina var í bifvélavirkjun og voru alls 36 einstaklingar sem luku prófi. Þá voru átta sem útskrifuðust úr bílamálun og sex nýsveinar komu úr bifreiðasmíði. Meðaltal útskrifaðra sveina á tímabilinu 2008-2019 er um 49 nemendur. Er heildarfjöldi nýsveina því rétt yfir meðaltali tímabilsins. Fjöldi útskrifaðra nemenda úr bílgreinum þyrfti að vera meiri til að mæta viðhaldspörf þeirra bíla sem hafa nú bæst við bílaflota landsmanna.



Mynd 4.6: Fjöldi lokinna sveinsprófa í bílgreinum. Heimild: Íðan fræðslusetur.

5

Aðildarfyrirtæki BGS

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
100 bílar ehf	Pverholti 6	270 Mosfellsbær
AB Skálinn ehf.	Gagnheiði 11a	800 Selfoss
Almenna bílaverkstæðið ehf.	Skeifunni 5	108 Reykjavík
Armur ehf	Skeifunni 5	108 Reykjavík
Betri bílar ehf.	Skeifunni 5c	108 Reykjavík
BHS ehf	Fossbrún 2	621 Dalvík
Bifreiðastillingin ehf.	Smiðjuvegi 40d	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf.	Fjölnisgötu 2a	603 Akureyri
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar ehf.	Smiðjuvegi 40	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.	Smiðjuvegi 22	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Guðjóns	Hafnargata 57	415 Bolungarvík
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf	Skemmuvegi 46	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Mosfellsbæjar	Flugumýri 2	270 Mosfellsbær
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík
Bifreiðaverkstæði Sigursteins ehf	Selnesi 28-30	760 Breiðdalsvík
Bifreiðaverkstæðið Kistufell ehf.	Tangarhöfða 13	110 Reykjavík
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf	Hrísmýri 3	800 Selfoss
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf	Akralind 9	201 Kópavogur
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf	Skemmuvegi 34	200 Kópavogur
Bifvélavirkinn ehf.	Norðurhelli 8	221 Hafnarfjörður
Bílabankinn ehf.	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Bílabúð Benna ehf.	Krókhálsi 9	110 Reykjavík
Bílahöllin-Bíларыðvörn hf.	Bíldshöfða 5	110 Reykjavík
Bílaleiga Húsavíkur ehf	Garðarsbraut 66	640 Húsavík
Bílalind ehf.	Funahöfða 1	110 Reykjavík
Bílamálun Egilsstöðum ehf	Fagradalsbraut 21-23	700 Egilsstaðir
Bílamálun Pálmars ehf	Vagnhöfða 20	110 Reykjavík
Bílamálunin Varmi ehf	Auðbrekku 14	200 Kópavogur

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Bílamíðstöðin ehf.	Pórðarhöfða 4	110 Reykjavík
Bílar Malarhöfða ehf.	Malarhöfða 2	110 Reykjavík
Bílar og tjón ehf.	Skemmuvegi 44m	200 Kópavogur
Bílar og vélar ehf.	Hafnarbyggð 14a	690 Vopnafjörður
Bílarétting Beyja ehf.	Frotagötu 6b	603 Akureyri
Bílasala Selfoss ehf.	Hrismýri 3	800 Selfoss
Bílaspítalinn ehf	Kaplahraun. 1	220 Hafnarfjörður
Bílaumboðið Askja ehf.	Krókhálsi 11	110 Reykjavík
Bílaverkstæði Austurlands ehf	Miðási 2	700 Egilsstaðir
Bílaverkstæði Einars Þórs	Bæjarflöt 8	112 Reykjavík
Bílaverkstæði Sigurlaugs Baldurssonar ehf.	Sindragötu 3	400 Ísafjörður
Bílaverkstæðið Bragginn sf.	Flötum 20	900 Vestmannaeyjar
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf	Lækjarbraut 4	851 Hella
Bílaverkstæðið Smur og Dekk ehf.	Aðalstræti 3	450 Patreksfjörður
Bílaþjónusta Péturs ehf.	Vallholti 17	800 Selfoss
Bílaþjónustan Hellu ehf	Dynskálum 24	850 Hella
Bílbót ehf	Bolafæti 3	260 Reykjanesbær
Bíley ehf.	Leiruvogi 6	730 Reyðarfjörður
Bílhúsið ehf	Smiðjuvegi 60	200 Kópavogur
Bíljöfur	Smiðjuvegur 34	200 Kópavogur
Bílnet ehf	Fitjabraut 30	260 Reykjanesbær
Bílson ehf.	Kletthálsi 9	110 Reykjavík
Bílverk BÁ ehf.	Gagnheiði 3	800 Selfoss
Bílvogur ehf.	Auðbrekku 17	200 Kópavogur
BL ehf.	Sævarhöfða 2	110 Reykjavík
BRA ehf.	Auðbrekku 27	200 Kópavogur
Bretti Réttingarverkstæði ehf.	Smiðjuvegi 6c	200 Kópavogur
Brimborg ehf.	Bíldshöfða 6	110 Reykjavík
CAR-MED ehf	Dalvegi 24	201 Kópavogur
Dekk og smur ehf.	Nesvegi 5	340 Stykkishólmur
E.T. ehf	Klettagörðum 11	104 Reykjavík
Eignarhaldsfélag G.Á.K. ehf.	Skemmuvegi 20	200 Kópavogur
Erlendur Þráinn Halldórsson	Eiðistorgi 7	170 Seltjarnarnes
Framrás ehf.	Smiðjuvegi 17	870 Vík
Frumherji hf.	Parabakka 3	109 Reykjavík
FYRR ehf.	Norðurellu 8	221 Hafnarfjörður
GB Tjónaviðgerðir	Draghálsi 6-8	110 Reykjavík
Glitir ehf.	Suðurlandsbraut 16	108 Reykjavík
Hjörtur Bragason ehf.	Smiðjuvegi 56	200 Kópavogur
Höfðahöllin ehf.	Hlíðarhjalla 50	200 Kópavogur

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Höldur ehf.	Pósthólf 10	602 Akureyri
Íslensk-bandaríska ehf.	Pverholti 6	270 Mosfellsbær
Kaupfélag Skagfirðinga (svf.)	Ártorgi 1	550 Sauðárkrókur
Kraftbílar ehf.	Lækjarvöllum 3-5	601 Akureyri
Kraftur hf.	Vagnhöfða 1	112 Reykjavík
Krókur ehf.	Vesturhrauni 5	210 Garðabæ
Kvikk ehf.	Vagnhöfða 5	110 Reykjavík
Lakkhúsið ehf.	Smiðjuvegi 48	200 Kópavogur
Lakkskemman ehf	Skemmuvegi 30	200 Kópavogur
Litla bílasalan ehf	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Löður ehf	Fiskislóð 29	101 Reykjavík
Magnús Jónsson ehf.	Iðavöllum 11	230 Reykjanesbær
Málningarvörur ehf	Lágmúla 9	108 Reykjavík
Mótorhaus ehf.	Langanesvegi 14	680 Þórshöfn
N1	Dalvegi 10-14	201 Kópavogur
Nethamar ehf.	Flötum 31	900 Vestmannaeyjar
Ný-sprautun ehf	Njarðarbraut 15	260 Reykjanesbær
Pardus ehf.	Suðurbraut	565 Hofsós
Rétt sprautun ehf.	Smiðjuvöllum 6	230 Reykjanesbær
Réttingarverkstæði Sveins ehf	Eyrargötu 11	740 Neskaupsstaður
Réttingaverk ehf	Hamarshöfða 10	110 Reykjavík
Réttingaverkstæði Jóns B. ehf.	Flugumýri 2	270 Mosfellsbær
Réttingaþjónustan ehf.	Smiðjuvegi 40	200 Kópavogur
RVR ehf.	Steinhellu 17b	221 Hafnarfjörður
S.B.J. réttingar ehf	Kaplahrauni 12	220 Hafnarfjörður
Smur- og hjólbarðþjónustan ehf	Framnesvegi 23	230 Reykjanesbær
Smurstöðin Fosshálsi 1 ehf.	Fosshálsi 1	110 Reykjavík
Sprautu og bifreiðaverkstæði Borgarness sf.	Sólbakka 5	310 Borgarnes
Stilling hf	Kletthálsi 5	110 Reykjavík
Stóra Bílasalan ehf.	Kletthálsi 2	110 Reykjavík
Stórholt ehf	Baldursnesi 1	603 Akureyri
Suzuki-bílar hf	Skeifunni 17	108 Reykjavík
Transporter ehf.	Grasarima 12	112 Reykjavík
Varahlutaverslunin Kistufell ehf	Brautarholti 16	105 Reykjavík
Vegagerðin	Borgartúni 5-7	105 Reykjavík
Vélabær ehf.	Bæ	311 Borgarnes
Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar ehf	Búlandi 1	530 Hvammstangi
Vélsmiðja Grindavíkur ehf.	Seljabót 3	240 Grindavík
Víkurvagnar ehf.	Álftamýri 34	108 Reykjavík
Ökumælar ehf.	Viðarhöfða 6	110 Reykjavík

Í Árbók bílgreina 2020 kemur þetta m.a. fram:

- Hluttur bílgreina í landsframleiðslu lækkar smávægilega á milli ára og var 1,4% árið 2019.
- Meðalaldur bifreiðaflorens hækkaði úr 12,4 árum árið 2018 í 12,7 ár árið 2019.
- Meðalaldur bíla í umferð var 9,86 árið 2019 en 9,91 ár árið 2018.
- Umferðarþungi hélt áfram að aukast, þrátt fyrir fækkun ferðamanna.
- Flest umferðarslys urðu í janúar en fæst í apríl, einungis 6 létu lífið í umferðaslysum árið 2019.
- Hraðhleðslustöðvar eru orðnar 140 talsins víðsvegar um landið, fleiri hleðslustöðvar má finna hjá hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum.
- Nýskráning tengiltvinnbíla dróst saman á milli ára um 32% á meðan 40% fleiri rafbílur voru nýskráðir, samanborið við árið 2018.
- Nemendum í bílgreinum fjölgaði árið 2019. 296 nemendur voru skráðir – 254 karlar og 42 konur.
- Helstu tekjur ríkisins af bílgreinum 2019 voru:
 - Vörugjöld af bensíni og dísilolíu 23,5 milljarðar kr.
 - Bifreiða og úrvinnslugjöld 7,7 milljarðar kr.
 - Vörugjöld vegna innfluttra bifreiða 6,3 milljarðar kr.
 - Vanrækslugjöld 402 milljónir kr.
 - Skráningargjöld vegna nýskráninga og eigendaskipta 344,4 milljónir kr.
 - Umferðaröryggisgjald 153 milljónir kr.
 - Nýskráningar fólksbíla drógust saman um 35% árið 2019.
- Skipting innfluttra nýrra og notaðra atvinnubíla 2019 var eftirfarandi:
 - Sendibílar: 1.392 nýir og 420 notaðir.
 - Hópbílar: 82 nýir og 37 notaðir.
 - Vörubílar 300 nýir og 180 notaðir.
- Gráir og hvítir bílar eru áfram vinsælustu litirnir og lítill fjölbreytni í litavali heldur því áfram. Þriðji vinsælasti liturinn er rauður og 2 bleikir bílar seldust árið 2019.



BÍLGREINASAMBANDIÐ